

Fundargerð 42. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 12. nóvember 2008
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9.00 – 10.30

Fundarmenn: Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Ragna Steinarsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Jóhanna Diðriksdóttir.
Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna. Sigrún Hauksdóttir var fjarverandi

1. Fundargerð 41. fundar. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2.-3. Samráðsfundur með Alefli og Landskerfi bókasafna og Erindi frá Orkustofnun, skráning hnita. Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 5. nóvember. Ásdís Hafstað var fundarritari þess fundar. Það sem varðar skráningarráð kom aðallega fram undir liðnum önnur mál. Skráning hnita frá Orkustofnun sem fjallað var um hefur ekki borist skráningarráði sem formlegt erindi. Það er talið ákjósanlegast að stofnaður verði vinnuhópur sérfræðisafnanna. Sigrún og Ragna munu hitta fulltrúa náttúrufræðihópsins og ræða aukið samstarf um efnisorðavinnu og tiltektir í Gegni.

4. Færslur frá Landsspítala. Rætt var um færslur fyrir rafrænt efni frá Ovid, sem keyrðar voru vélrænt inn í Gegni fyrir Bókasafn Landsspítalans. Undanskildar voru færslur sem innihéldu ISBN og ISSN númer sem til voru fyrir í Gegni til þess að koma í veg fyrir tvískráningar. Töluverð vinna er framundan við að lagafæra þessar færslur, m.a. eru ISBN og ISSN númer ekki rétt, athuga þarf kóða, sækja höfuð o.fl. Skráningarráð hefur samþykkt reglur sem ná yfir lagfæringar á innfluttum færslum og sett hefur verið upp sérstakt lagfæringarferli fyrir OCLC færslur í skráningarþætti (fix program). Skoða þarf hvort hægt sé að setja upp sambærilega lagfæringakeyrslu fyrir Ovid færslur. Vélræn yfirfærsla gagna þarf að fara eftir ákveðnu ferli. Gæðastýringarhópur þarf að skoða færslurnar í prófunarumhverfi og leggja blessun sína yfir færslurnar áður en þær eru fluttar inn í Gegni. Setja þarf skýrari reglur um yfirfærslu af þessu tagi. Sveinbjörg taldi að hægt væri að leiðrétta færslurnar frá Ovid vélrænt að einhverju leyti. Ákveðið var að Dögg, Fanney Kristbjarnardóttir og Helga Kristín Gunnarsdóttir hittist og ræði um þessar færslur.

5. Fundur um rafrænt efni. Mikið af þessu efni er illa sýnilegt í Gegni. Formatið er eina afmörkunin sem við höfum fyrir þetta efni. 856 skjalið sem samþykkt var 9. mars 2006 var afar vel unnið. Hildur hefur boðað til fundar í dag um skráningu á rafrænu efni og er vonast eftir líflegum umræðum um þessi mál. Æskilegt er að vinnuhópur vinni úr efni fundarins svo að umræðunni verði haldi áfram. Skoða þarf málin með tilliti til skráningarreglna og hvað hægt er að gera í Gegni.

6. Önnur mál.

a) Þóra hefur gert nýja færslu fyrir tímaritið Andrés Önd: Andrés Önd 2008. Hún hefur eytt rúmlega 300 eintökum Borgarbókasafns útgefnum fyrir 2000 sem höfðu ekki verið lánuð út síðan Gegni var tekinn í notkun þar í apríl 2004. Þóra og Sigurður Gunnar hjá Nýherja gerðu prófun á álagi við útlán og skil á Andrésblöðum. Niðurstaðan var sú að það tók að meðaltali 10-11 sek. að lána eitt Andrésblað og að vandamálið fælist í kerfinu sjálfu en ekki vélbúnaði.

b) Sveinbjörg sagði að það þyrfti að taka stöðuna á efnisorðavinnunni árin 2007 og 2008 með tilliti til efnisorðastyrks frá Landskerfi bókasafna fyrir þarnaesta stjórnarfund.

c) Fundur gæðahóps Gegnis með forstöðumönnum Landsbókasafns, Borgarbókasafns og Landskerfis bókasafna verður haldinn föstudaginn 14. nóv. Rætt verður m.a.um nafnmyndavinnuna. Nauðsynleg umræða þarf að fara fram fyrir gerð verkefnaáætlana stofnananna.

Fundi slitið kl. 10.30.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 10. des. kl. 9-11.